



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, XXX
C

Drög

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) NR .../2010

frá [...]

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(Texti sem viðkemur EES)

Drög

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) NR .../...

frá

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 um setningu framkvæmdareglna fyrir lofthæfis- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, íhluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af Treaty on the Functioning of the European Union (Sáttmála um starfshætti ESB), og

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008/EB og ráðsins frá 20. febrúar 2008, um almennar reglur á sviði almenns flugs, um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og um afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB¹,

Að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Til þess að viðhalda háu, samræmdu flugöryggisstigi í Evrópu er nauðsynlegt að innleiða breytingar á kröfum og ferlum fyrir vottun á loftförum og skyldum framleiðsluvörum, íhlutum og búnaði, sem og fyrir vottun á hönnunar- og framleiðslufyrirtækjum, sérstaklega til að útfæra reglurnar sem við eiga um samþykki samræmis við tegundavottunargrunn og umhverfisverndarkröfur og að tryggja möguleika á að útvíkka DOA réttindi til að leyfa minniháttar endurskoðun flughandbóka.
- (2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003² ætti því að breyta til samræmis.
- (3) Aðgerðir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð byggjast á álitserð þeirri³ sem gefin er út af Flugöryggisstofnun Evrópu (sem hér á eftir nefnist ‘stofnunin’) í samræmi við greinar 17(2)(b) og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (4) Aðgerðir þær sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar þeirrar sem stofnsett var með gr. 65 reglugerðar (EB) nr. 216/2008 -

¹ Stjórnartíðindi ESB, OJ L 79, 19.3.2008, bls. 1. Reglugerð síðast breytt með reglugerð (EB) Nr. 1108/2009 frá 21. október 2009 (OJ L 309, 24.11.2009, bls.. 51).

² Stjórnartíðindi ESB, OJ L 243, 27.9.2003, bls. 6. Reglugerð síðast breytt með reglugerð (EB) Nr. 1194/2009 frá 30. nóvember 2009 (OJ L 321, 8.12.2009, bls. 5).

³ Álitserð 01/2010 um ‘Undirkafla J DOA’.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. grein

Viðaukinn (21. liður) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 breytist til samræmis við Viðauka þessarar reglugerðar.

2. grein

Reglugerð þessi tekur gildi 20 dögum eftir að hún hefur verið auglýst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar
Forseti*

VIÐAUKI

Viðaukanum (hluti - 21) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 21A.20 kemur eftirfarandi:

‘21A.20 Samræmi við tegundarvottunargrunn og kröfur um umhverfisvernd

(a) Aðili sem sækir um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð verður að sýna fram á samræmi við þann tegundarvottunargrunn og þær umhverfisverndarkröfur er við eiga, og jafnframt skal hann láta stofnuninni í té upplýsingar um með hvaða hætti sýnt hefur verið fram á slíkt samræmi.

(b) Umsækjandinn skal afhenda stofnuninni vottunaráætlun þar sem lýst er aðferðunum við að sýna fram á samræmi. Skjal þetta skal uppfæra eftir því sem þörf krefur meðan vottunarferlið stendur yfir.

(c) Umsækjandinn skall skrá rökstuðning samræmis í samræmingarskjölum í samræmi við vottunaráætlunina sem greint er frá í málsgrein (b).

(d) Umsækjandinn skal gefa yfirlýsingu um að hann hafi sýnt fram á samræmi við viðkomandi tegundarvottunargrunn og umhverfisverndarkröfur samkvæmt vottunaráætlun þeirri sem greint er frá í málsgrein (b).

(e) Ef umsækjandinn hefur í höndum viðeigandi samþykki hönnunarstofnunar, verður að útbúa yfirlýsinguna samkvæmt málsgrein (d) í samræmi við ákvæði undirkafla J.’

2. Í atriði 21A.21, fellur atriði (b) niður og í staðinn kemur eftirfarandi:

‘(b) leggja fram yfirlýsingu þá sem vísað er til í 21A.20(d); og’.

3. Atriði 21A.33 breytist þannig:

(a) fyrirsögnin breytist í ‘**21A.33 Skoðanir og prófanir**’;

(b) atriði (a) breytist þannig:

‘(a) umsækjandinn skal framkvæma allar skoðanir og prófanir sem þarf til að sýna fram á samsræmi við viðkomandi tegundarvottunargrunn og umhverfiskröfur.’;

(c) atriði (d) breytist þannig:

‘(d) umsækjandinn skal leyfa stofnuninni að fara yfir allar skýrslur, framkvæma hverskonar skoðanir og framkvæma eða fylgjast með hverskonar prófunum í flugi eða á jörðu niðri til að kanna gildi samræmisyfirlýsingar sem umsækjandinn hefur lagt fram samkvæmt 21A.20(d), til að ganga úr skugga um að hvorki gerð eða sérkenni framleiðsluvörunnar valdi því að hætta fylgi þeirri notkun hennar sem krafist er vottunar fyrir.’

4. Í atriði 21A.97, kemur eftirfarandi í stað atriða (a) 2,3, og 4:

‘2. sýna fram á að hin breytta framleiðsluvara samræmist viðkomandi vottunarstöðlum og umhverfisverndarkröfum, eins og tilgreint er í 21A.101;

3. samræmist 21A.20(b), (c) og (d); og

4. með því að gefa yfirlýsingu 21A.20(d) samkvæmt ákvæðum undirkafla J, ef umsækjandi hefur undir höndum viðeigandi hönnunarsamþykki stofnunar;

5. Í atriði 21A.103 kemur eftirfarandi í stað atriða (a)1 and 2:

‘1. senda yfirlýsingu þá sem vísað er til í 21A.20(d);

2 sýnt er fram á að:

(i) hin breytta framleiðsluvara stenst viðkomandi vottunarstaðla og umhverfisverndarkröfur, eins og tekið er fram í 21A.101;

(ii) bætt sé fyrir hverskonar lofthæfisákvæði, sem ekki er farið eftir, með þáttum sem veita samsvarandi öryggisstig; og

(iii) engin sérkenni eða eiginleikar framleiðsluvörunnar geri það að verkum að ekki sé óhætt að nota hana á þann hátt sem umbeðin vottun miðast við.

6. Í stað 21A.115 kemur eftirfarandi:

‘21A.115 Útgáfa viðbótar tegundarvottorðs

Umsækjandi hefur rétt á að stofnunin gefi út takmarkað viðbótar tegundarvottorðs eftir að:

(a) hann hefur lagt inn yfirlýsing eins og vísað er til í 21A.20(d); og

(b) sýnt hefur verið fram á að:

1 hin breytta framleiðsluvara standist viðkomandi vottunarstaðla og umhverfisverndarkröfur, eins og tekið er fram í 21A.101;

2 bætt sé fyrir hverskonar lofthæfisákvæði, sem ekki er farið eftir, með þáttum sem veita samsvarandi öryggisstig; og að

3 engin sérkenni eða eiginleikar framleiðsluvörunnar geri það að verkum að ekki sé óhætt að nota hana á þann hátt sem umbeðin vottun miðast við;

(c) sýnt hefur verið fram á getu í samræmi við 21A.112B;

(d) umsækjandinn hefur komist að samkomulagi við handhafa tegundarvottorðsins samkvæmt 21A.113(b), og

1 handhafi tegundarvottorðsins hefur tilkynnt að hann geri engar athugasemdir við tæknileg atriði í upplýsingum sem fram eru lagðar samkvæmt 21A.93; og

2 handhafi tegundarvottorðs hefur fallist á að vinna með handhafa viðbótar tegundarvottorðsins til tryggja að staðið verði við allar skuldbindingar í tengslum við áframhaldandi lofthæfi hinnar breyttu framleiðsluvöru í samræmi við ákvæði 21A.44 og 21A.118A.

7. Í atriði 21A.263, kemur eftirfarandi í stað (c)4:

‘4. að samþykkja minniháttar endurskoðun á flughandbók loftfars og viðbótum, og að gefa út slíkar endurskoðanir með eftirfarandi yfirlýsingu: “Endurskoðun nr. [YY] á AFM (eða viðbót) tilv. [ZZ] er samþykkt með tilvísun til heimildar í DOA ref. EASA. 21J. [XXXX].”’